


## ✉ Re: Breyting á aðal- og deiliskipulagi fyrir svæði 18a í landi Valdastaða

Búið til	19.11.2021 15:26:38
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	19.11.2021 15:26:37
Tilheyrir	 202111-0008 - Breyting á aðal- og deiliskipulagi fyrir svæði 18a í landi Valdastaða Kjósahrepp

### Efni

Re: Breyting á aðal- og deiliskipulagi fyrir svæði 18a í landi Valdastaða

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	19.11.2021 15:26:37	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	sigurdur@kjos.is
Cc	skipulag@kjos.is

### Innihald

Góðan dag, hér fylgir með umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202111-0008 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps, dags. 4. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn um skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps (2017-2029) og deiliskipulagi reits F18a í landi Valdastaða.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Stefnt er að því að skipuleggja nýja íbúabyggð í Kjós, þar sem gert er ráð fyrir allt að 200 lóðum fyrir íbúðarhús á óbyggðu landi norðan við Ásgarð. Með tilkomu þessarar byggðar fjölgar húsum og íbúum á svæðinu mjög mikið og mun það hafa mikil áhrif á ásýnd og starfsemi á svæðinu.

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf við vinnu aðalskipulagsbreytingarinnar og deiliskipulagsins að meta vandlega möguleg áhrif þessara miklu breytingar á svæðinu á viðkvæm náttúrusvæði í nágrenninu. Þar skipta mestu máli svæði sem eru á náttúruminjasrá þ.e.a.s. Laxá og Laxárvogur. Mikil aukning á íbúafjölda felur í sér hættu á auknu álagi á viðkvæm ferskvatns- og strandvistkerfi m.a. aukinnar mengunarhættu t.d. frá fráveitu, aukinni umferð ökutækja, hljóðmengun og ljósmengun en einnig truflun af ýmsum toga vegna aukins fólksfjölda á svæðinu og framkvæmda tengt uppbyggingu. Sérstaklega þarf að meta áhrif á laxa og far þeirra um Laxá og á fuglalíf í Laxárvogi.

Sjálfst byggingarsvæðið hefur ekki sérstaklega hátt verndargildi en er þó óraskað mó- og votlendi og þ.a.l. búsvæði mófugla þó það hafi ekki verið kannað sérstaklega. Það búsvæði mun raskast við uppbygginguna. Þá ber að meta áhrif á landslag þ.m.t. menningarlandslag.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á athugasemdum á síðari stigum skipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.

[www.ni.is \(https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRny%2BdfM%3D&reserved=0\)](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRny%2BdfM%3D&reserved=0)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Sigurður H. Ólafsson" <sigurdur@kjos.is>

**To:** "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "Eftirlit" <eftirlit@eftirlit.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "shs@shs.is" <shs@shs.is>; "Skipulag" <skipulag@hvalfjardarsveit.is>; "Kjósarveitur ehf" <kjosarveitur@kjos.is>

**CC:**

**Subject:** Breyting á aðal- og deiliskipulagi fyrir svæði 18a í landi Valdastaða

**Date:** 4.11.2021 09:42:58

Góðan dag.

Sent til umsagnar, í samræmi við 1. mgr. 30 gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsingin verður kynnt almenningi með auglýsingu í Morgunblaðinu og Lögbirtingablaðinu, ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu Kjósarhrepps og í anddyri hreppsskrifstofu.

Eftir kynningu á skipulagslýsingunni verður fjallað um deiliskipulagið og það auglýst samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

*Kær kveðja,*

**Sigurður H. Ólafsson**

*Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps*

*Sími 566 7100 / 898 2297*

*Netfang: skipulag@kjos.is*



## Viðhengi

image002.png (11 KB)

image001.png (159 KB)